

Kolviður, sjóður  
Ársreikningur 2022

Kolviður, sjóður  
Þórunnartúni 6  
105 Reykjavík

Kt. 560606-1170

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar

---

Kolviður er sjóður sem var stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd árið 2006. Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að binda kolefnislosun sína með skógrækt. Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni.

Tekjur sjóðsins koma frá fyrirtækjum og einstaklingum sem óska eftir að kaupa bindingu á losun sinni, sem í flestum tilvikum hefur þegar átt sér stað. Kolviður setur þá í gang gróðursetningaverkefni til að planta nauðsynlegum fjölda plantna til bindingar. Kaupendur kaupa þannig vænta bindingu sem einnig má nefna kolefnisbinding í bið, sem fer rólega af stað en eykst síðan og nær hámarki sínu eftir 30-40 ár en þá dregur heldur úr árlegri bindingu. Kolviður reiknar með 50 ára binditíma gróðursins.

Kolviður nýtir Skógarkolefnisreiknir, forrit með bindistuðlum sem sérfræðingar hjá Skógræktinni hafa útbúið til að meta mögulega kolefnisbindingu nýskógræktar að teknu tilliti til staðsetningar á Íslandi. Hægt er að velja á milli þriggja landgerða og fimm trjátegunda sem allar eiga það sammerkt að vera helstu trjátegundir í skógrækt og eiga margra áratuga ræktunarsögu á Íslandi. Matið byggir á þúsundum skógmælinga sem gerðar hafa verið á þessum trjátegundum á síðustu 20 árum um allt land. Binding, að frádreginni losun, er áætluð frá gróðursetningu fram til 50 ára aldurs. Áætluðu kolefni er deilt á milli tryggingareininga (20%) og handbærra eininga (80%) sem má selja. Frá og með 15. ári er nettó binding staðfest með vettvangskonun og mælingum. Ein kolefniseining jafngildir einu tonn af CO<sub>2</sub>e. Kolviður er nú með rúm 164 þús. tonn CO<sub>2</sub>e í bindingarferli sem viðskiptavinir hafa keypt á s.l. 16 árum.

Unnið er að því að öll verkefni og kolefnisbinding Kolviðar verði sannreynd og vottuð samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2, af Bureau Veritas í London. Kolviður hefur tekið í notkun nýtt bókhaldskerfi Business Central frá Microsoft sem á að tryggja örugga geymslu gagna fyrir öll verkefni og viðskipti í 55 ár. Lögð er rík áhersla á að gerðir séu skriflegir samningar m.a. um afnot á landi, plöntukaup og önnur aðföng sem og verktakasamninga við þá sem koma að gróðursetningu og öðrum verklegum framkvæmdum.

Kolviður sækist eftir landi til plöntunar sem víðast á landinu m.a. til áhættudreifingar og að vera sem næst viðskiptavinum sínu. Samningum um afnot af landi til 55 ára er þinglýst. Þar er kvöð um að skógurinn fái að standa þann tíma en að því loknu eignast landeigandi skóginn. Gróðursetning á árinu fór fram á Geitasandi, Úlfliótsvatni, Skálholti, Reykholti og Ærvíkurohöfða við Húsavík. Þar sem því er við komið er unnið að framkvæmdum og gróðursetningu í samstarfi við skógræktarfélag staðarins eða landeigendur.

Á árinu 2022 voru tekjur umfram gjöld af rekstri sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningi að fjárhæð 9.549 þús. kr. Eigið fé nam 54.360 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í árslok.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum á árinu 2022 en öll þjónusta er aðkeypt.

Stjórn Kolviðar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. júní 2023.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Kolviðar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kolviðar ("sjóðurinn") fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2022 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Mærkið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. júní 2023.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Kolefnisbinding .....		89.840.673	51.329.816
Aðrar tekjur .....		0	1.901.435
		89.840.673	53.231.251
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaður og breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar .....	2	73.422.031	44.428.505
Annar rekstrarkostnaður .....	3	6.075.276	3.976.566
Afskriftir .....	4	962.513	952.467
		80.459.820	49.357.538
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði .....		9.380.853	3.873.713
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		798.466	73.442
Vaxtagjöld .....		( 198.606)	( 24.339)
Gengisbreyting markaðsverðbréfa .....		( 432.208)	1.243.591
		167.652	1.292.694
<b>Tekjur umfram gjöld ársins</b> .....		9.548.505	5.166.407

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
Áhöld og tölvubúnaður .....		1.894.105	2.856.618
Fastafjármunir samtals	1,4	<u>1.894.105</u>	<u>2.856.618</u>
Birgðir .....	5	3.053.893	3.053.893
Óseld kolefnisbinding .....	5	5.403.640	7.752.327
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	6	8.367.698	14.696.759
Markaðsverðbréf .....	7	15.310.686	15.846.621
Handbært fé .....		22.415.903	6.539.014
Veltufjármunir samtals		<u>54.551.820</u>	<u>47.888.614</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>56.445.925</u>	<u>50.745.232</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnframlag .....		647.000	647.000
Tryggingasjóður .....		15.433.326	10.941.292
Óráðstafað eigið fé .....		38.279.910	33.223.439
Eigið fé samtals	8	<u>54.360.236</u>	<u>44.811.731</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.085.689	5.933.501
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.085.689</u>	<u>5.933.501</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>56.445.925</u>	<u>50.745.232</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld ársins .....		9.548.505	5.166.407
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	962.513	952.467
Breyting óseldrar kolefnisbindingar .....		2.348.687	( 7.752.327)
Breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar .....		0	( 700.920)
Matsbreyting markaðsverðbréfa .....		432.208	( 1.243.591)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>13.291.913</u>	<u>( 3.577.964)</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir hækkun .....		0	( 1.816.837)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		6.329.061	( 10.915.597)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 3.847.812)	5.703.738
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>2.481.249</u>	<u>( 7.028.696)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>15.773.162</u>	<u>( 10.606.660)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		0	( 1.350.000)
Keypt og seld verðbréf .....		103.727	193.126
Fjárfestingarhreyfingar		<u>103.727</u>	<u>( 1.156.874)</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		15.876.889	( 11.763.534)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>6.539.014</u>	<u>18.302.548</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>22.415.903</u>	<u>6.539.014</u>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að markaðsverðbréf eru færð á gangvirði.

### b. Rekstrarfjármunir

#### (i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

#### (ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tölvubúnaður ..... 3 ár

### c. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## 2. Kostnaður / breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar

	2022	2021
Undirbúningur, samningar og skógræktaráætlanir .....	8.659.262	7.211.099
Jarðvinnsla .....	3.485.272	1.667.979
Gróðursetning, áburður og umsjón .....	31.520.266	23.309.755
Trjáplöntur .....	21.895.351	22.009.868
Rannsóknir, úttektir og eftirlit .....	5.513.193	499.888
Samtals útlagður kostnaður á árinu .....	71.073.344	54.698.589
Óseld kolefnisbinding .....	2.348.687	( 7.752.327)
Lækkun skuldbindingar .....	0	( 700.920)
Birgðabreyting .....	0	( 1.816.837)
Kostnaður og breyting skuldbindingar samtals .....	73.422.031	44.428.505

## 3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2022	2021
Skrifstofukostnaður .....	24.219	9.406
Tölvumál og rekstur vefsíðu .....	2.170.187	1.012.657
Bókhald, endurskoðun og reikningsskil .....	1.135.714	1.817.433
Markaðs- og fundarkostnaður .....	1.631.265	367.798
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna, breyting .....	0	( 1.614.790)
Ökutækjastyrkur .....	720.000	600.000
Annar kostnaður .....	393.891	1.784.062
Samtals .....	6.075.276	3.976.566

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir samanstanda af tölvubúnaði og kostnaði við vefsíðu og greinast þannig:

	2022	2021
Bókfært verð 1.1. ....	2.856.618	2.459.085
Keypt á árinu .....	0	1.350.000
Afskrifað á árinu .....	( 962.513)	( 952.467)
Bókfært verð 31.12. ....	1.894.105	2.856.618
Afskriftahlutföll .....	33%	33%

# Skýringar

## 5. Birgðir og óseld kolefnisbinding

Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	2022	2021
Fræbirgðir .....	610.975	610.975
Ógróðursettar trjáplöntur .....	2.442.918	2.442.918
	<u>3.053.893</u>	<u>3.053.893</u>

### Óseld kolefnisbinding

Á árinu 2022 nam gróðursetning til væntrar kolefnisbindingar 45.002 tonnum CO<sub>2</sub>. 80% af því eru handbærar einingar til sölu eða 36.002 tonn CO<sub>2</sub>. Seld kolefnisbinding nam 35.303 tonnum CO<sub>2</sub>. Óseld kolefnisbinding ársins er því 699 tonn CO<sub>2</sub> af handbærum einingum. Uppsöfnuð óseld kolefnisbinding í árslok eru 6.070 handbærar einingar. Kostnaður við trjáplöntur og gróðursetningu vegna óseldrar kolefnisbindingar hefur verið metinn og færður til eignar að fjárhæð 5,4 millj. kr.

Uppsöfnuð óseld kolefnisbinding í árslok 2021 var 5.371 handbærar einingar, byggt á nýrri skilgreiningu á bindistuðlum. Í ársreikningi 2021 var fjöldi eininga 10.809 byggt á fyrri útreikningi. Óseld kolefnisbinding er nú 6.070 tonn CO<sub>2</sub> að söluverðmæti 18.210 þús. Okkar mat er að 30% séu plöntur, 30% gróðursetning, 40% annað.

## 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 130 þús. kr. í árslok 2022.

## 7. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf í vörslu Landsbréfa eru bókfærð eru á markaðsverði og greinast þannig:

	2022	2021
Innlend skuldabréf .....	12.313.441	12.530.529
Innlend hlutabréf .....	1.380.272	1.101.216
Erlend hlutabréf .....	856.721	1.177.934
Blandaðir sjóðir .....	482.097	495.467
Innlendir peningamarkaðsgerningar .....	320.886	677.671
Ógreidd umsýslubóknun .....	( 42.731)	( 136.196)
Samals .....	<u>15.310.686</u>	<u>15.846.621</u>

## 8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Trygginga- sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2022 .....	647.000	10.941.292	33.223.439	44.811.731
Tekjur umfram gjöld.....			9.548.505	9.548.505
Framlag í tryggingasjóð .....		4.492.034	( 4.492.034)	0
Staða 31.12.2022 .....	<u>647.000</u>	<u>15.433.326</u>	<u>38.279.910</u>	<u>54.360.236</u>

Árlegt framlag í tryggingasjóð skal vera 5% af seldri kolefnisjöfnun ársins.

## 9. Skuldbinding vegna gróðursetningar

	2022	2021
Skuldbinding í ársbyrjun .....	0	700.920
Lækkun vegna gróðursetningar .....	0	( 700.920)
Skuldbinding í árslok .....	<u>0</u>	<u>0</u>

Kolviður tekur mið af Skógarkolefni sem Skógræktin hefur gefið út og inniheldur viðmið fyrir vottun og skráningu á kolefnisbindingu með nýskógrækt á frjálsum markaði. Reglur þessar varða skipulag og umhirðu þeirra verkefna sem taka þátt í kolefnisbindingu með nýskógrækt. Í þessum reglum eru sett fram skilyrði fyrir þau verkefni þar sem kolefnisbinding er tilgangurinn. Einnig er þar skilgreind nettókolefnisbinding sem er allt það kolefni sem hefur bundist vegna verkefna og sem hægt er að breyta í skógarkolefniseiningar. Þessu kolefni er síðan deilt á milli tryggingareininga (20%) og handbærra eininga (80%) sem má selja. Frá og með 15. ári er nettó binding staðfest með vettvangskönnun og mælingum. Ein kolefniseining jafngildir einu tonni af CO<sub>2</sub>.

# Skýringar

---

<b>10. Seld kolefnisbinding og framleiðsla</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
Seld kolefnisbinding á árinu í tonnum CO2 .....	35.303	24.724
Vænt kolefnisbinding vegna plöntunar á árinu í tonnum CO2 .....	45.002	35.915
Uppsöfnuð vænt heildar- kolefnisbinding í tonnum CO2 .....	212.905	167.902